



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

67. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn mánudaginn 1. mars 1982 kl. 20³⁰. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Jón Hólmgeirsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingvar Jóhannsson, Ómar Bjarnþórsson, Sævar Guðbergsson, Eggert Ólafsson, Sturlaugur Ólafsson fulltrúi kennara, Jóhann I. Jóhannsson fulltrúi nemenda og Valtýr Guðjónsson ritari skólanefndar.

Þetta gerðist:

- 1.a. Skólameistari fór nokkrum orðum um frumvarp til laga um framhaldsskóla, sem nú liggur fyrir alþingi. Gerði hann grein fyrir breytingum sem orðið hafa á því. Merkasta breytingin er sú að fullorðinsfræðsla, tengd öllum fjögurra ára framhaldsskólum er ráðgerð. Frumvarpið í heild sætir enn nokkrum tíðindum.
 - b. Gunnar Sveinsson sagði frá umræðum í Fræðsluráði Reykjanessumdæmis, m.a. um fjármál skólanna.
 - c. Gerð hefur verið samræmd námsskrá á verknámssviði fyrir Norðurland. Allir skólar utan Reykjavíkur með framangreind námssvið koma til með að starfa eftir henni. Breiðholt undanskilið. Flutti skólameistari fréttir af umræðum um námskrána í Iðnfræðsluráði.
 - d. Skólameistari hefur látið taka saman bækling um námsmöguleika í Öldungadeild Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Lá hann frammi á fundinum. Er hann að mestu útdráttur úr Námsvísi.
2. Eins og fram kemur í fyrri fundargerðum hafa málefni Vélstjórnarbrautar nokkuð verið á dagskrá í nefndinni. Formaður ítrekaði að aðstöðu í þessari grein vantaði að mestu. og taldi brýnt að hafist yrði handa um byggingu í tengslum við Iðavallahúsið fyrir brautina. Benti hann m.a. á að mjög skorti vélstjóra með réttindum á fiskibátaflotann og væri það hvorki vansa- né vandræðalaust. Kvað hann nauðsynlegt að hefja undir-

búning hið fyrsta að byggingu fullkomins húss fyrir nám í þessari grein í skólanum. Undir þetta tóku rækilega skólameistari og Ingvar Jóhannsson sem gert hefir allítarlega skýrslu um málið, m.a. lauslega kostnaðaráætlun. Sínd var tillöguteikning að húsi fyrir 4 stig vélstjórnar. Skólameistari kvað mál þetta þurfa að reka "í kjölfar" þess sem er að gerast á Akureyri, en þar er hafinn undirbúningur á vegum ríkisins að byggingu veglegs húss fyrir vélstjórnar- og tækninám. Stefna þyrfti að því að slík bygging fyrir Fjölbrautaskólann hér risi sem fyrst kostuð af ríkissjóði á sama hátt og verða mun á Akureyri. Mál þetta þarf að ræða hið fyrsta við fulltrúa frá Vélskóla Íslands, ennfremur Hákon Torfason fulltrúa í menntamálaráðuneytinu og fleiri aðila, - og ekki er síst nauðsynlegt að kynna það fyrir bæjar- og sveitarstjórnnum á Suðurnesjum. Kvaðst formaður þegar hafa á málgað þetta við bæjarstjórnann í Keflavík sem hefði tekið í það á jákvæðan hátt. Í umræðunefnd um mál þetta voru kosnir Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson og skólameistari.

3. Lagðir fram ársreikningar skólans fyrir árið 1981.

Hafa þeir áður verið sendir sveitarstjórnar- og skólaneftndarmönnum. Reikningarnir voru samþykktir, og taldir glöggir. Reikningshaldari hefur þegar skýrt þá í fjármála- og áætlana-deild menntamálaráðuneytis. Benti hann á að aðilar að rekstri skólans þyrftu að kynna sér þá á sama hátt.

Rekstrarkostnaður, fyrir utan laun kennara, greiddur af ríki og sveitarfélögum var kr. 2.337.409.- en var áætlaður kr. 2.471.000.- á árinu 1982.

Fjárfestingar og fjárskuldbindingar vegna Iðavalla fóru hinsvegar verulega fram úr áætlun, reyndust kr. 2.645.247.- en voru áætlaðar kr. 2.100.000.-

4. Umræður um tillögur þróunarnefndar.

Á síðasta fundi var þeim Ómari Bjarnþórssyni og Hreini Ásgrímssyni falið að yfirfara þær að nýju, og gera tillögur um æskilegar breytingar og fylla upp í þar sem æskilegt efni vantaði. Lögðu þeir hvorttveggja fram í vélriti. Sturlaugur Ólafsson lagði fram niðurstöður kennaraneftnda sem störfuðu meðan skíðafrí nemenda stóð yfir. Formaður benti á að samræma þyrfti öll þessi drög, koma inn nýjum atriðum, t.d. varðandi kennslustaði í

í skólahéraðinu. Hann minnti í því sambandi á tilraun til kennslu í Sanndgerði 1980. Skólameistari og fleiri bentu á að efni þetta væri enn ekki fullmótað og yrði því að vera á dagskrá áfram. Aðalhöfundur, Ægi Sigurðssyni, var þakkað framlag hans í málinu.

5. Önnur mál.

a. Áleggshnífur í matstofu nemenda er endanlega talinn af.

b. Fjallað var um bréf frá Almari Eiríkssyni nemanda úr Grindavík varðandi ferðir. Henn getur ekki farið heim með skólabílnum vegna þess að kennslustundum í tölvufræði lýkur eftir brottfaratíma bílsins. Ingólfi Halldórssyni falið að athuga málið og leysa það.

c. Skólameistari skýrði frá að nauðsynlegt hafi reynst að hafa 14 aukatíma í stærðfræðigreiningu fyrir nemendur héðan sem leggja stund að verkfræðinám í Háskóla Íslands. Hafi hann fengið háskólakennara, dr. Jón Magnússon, til að aðstoða þessa nemendur. Kostnaður smávægilegur. Kr. 1358.-

d. Ingvar Jóhannsson ítrekaði enn "ápreifingu" meðal sveitarstjórnarmanna um byggingu húss fyrir vélstjórn og rafið.

e. Jóhann I. Jóhannsson fór fram á að skólinn greiddi aukamatráðskonu kaup fyrir matseld, en skólinn greiðir nú aðalráðskonunni kaup (án þátttöku ríkisins) þótt upphaflega væri áformað að nemendur gerðu það. Ekki var tekið undir þetta. Þá taldi hann þörf á að kaupa í matstofuna hrærivél svo að konurnar ættu auðveldara með að baka fyrir nemendurna. Verður athugað.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.